

Ed.

398. Frumvarp til laga

[189. mál]

um sérstakan toll á vörur frá Bretlandi.

Flm.: Stefán Jónsson, Ragnar Arnalds, Helgi F. Seljan, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Af öllum vörum, sem fluttar eru til landsins frá Bretlandi, skal greiða sérstakt gjald er nemi 25% af því verði vörunnar sem tollur er lagður á, sbr. 2. gr.

2. gr.

Um álagningu gjaldsins gilda reglur laga um tollskrá o. fl.

3. gr.

Gjald þetta renni í Landhelgissjóð.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fella niður þetta sérstaka gjald er bretar hafa viðurkennt 200 sjómílna efnahagslögsögu Íslendinga í orði og á borði.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ljóst er að landsmenn þurfa á næstu mánuðum að takast á herðar þungar efnahagslegar byrðar til þess að standa straum af eflingu landhelgisgæslunnar, samtímis því sem þeir sæta ániðslu af hálfu breta á ofveidda fiskstofna og hernaðarofbeldi í ofanálæg. Þá er hitt ótalið, að við höfum lækkað innflutningstolla á breskum varningi samkvæmt sérstökum samningi við Efnahagsbandalag Evrópu, sem bretar eru aðilar að, og skyldum njóta sams konar kjara varðandi útflutningsvörur okkar til ríkja Efnahagsbandalagsins, sem þó hefur ekki orðið um aðalútflutningsvörur okkar, sjávarafurðir, beinlínis vegna aðgerða breta. Vöruskiptajöfnuður okkar við breta hefur verið svo óhagstæður á liðnum árum að til óskapa má telja. Þannig nam innflutningur okkar frá Bretlandi 8 milljörðum og sjö milljónum króna árið sem leið, en útflutningur okkar þangað aðeins 4.7 milljörðum.

Ef miðað er við innflutning okkar frá Bretlandi í fyrra mundi gjald það, sem ráðgert er í frumvarpi þessu, nema hvorki meira né minna en 2 milljörðum króna. Hins vegar er ljóst að tollur af þessu tæi mundi beina viðskiptum okkar inn á aðra markaði að verulegu leyti, en slíkt hlýtur að teljast æskilegt, eins og nú er að okkur búið af breta hálfu. Hefði raunar verið sæmst að dómi flm. að leggja algjört bann við verslunarviðskiptum við Stóra-Bretland, ef ekki hefði leitt af slíkri ráðstöfun vandræði fyrir ýmsa sem lítið hafa til slíks unnið, og þá fyrst og fremst í sambandi við kaup á varahlutum í ýmsar vélar. — Aftur á móti þykir eðlilegt, að þeir landsmenn, sem fyrir einhverjar sakir kjósa að halda áfram að kaupa breskar vörur við núverandi aðstæður, verði látnir minnast landhelgisgæslunnar sérstaklega í því sambandi.